



SAMBAND SLYSATÍÐNI OG UMFERÐARMAGNS

Slys á gatnamótum

Mars 2024



23226

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_0/Project2329/Documents/Greinargerð/23226-sk240322-Slys á gatnamótum.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	22.03.2024	RÞÞ	MÁ	RÞÞ

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Vegagerðin
Suðurhraun 3, 210 Garðabær



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Aðferðafræði	3
3	Umferðarmagn á gatnamótum	4
4	Slysagreining	5
4.1	Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Laugarvegjar/Suðurlandsbrautar	5
4.2	Kringlumýrarbraut / Miklabraut	7
4.3	Miklabraut / Grensásvegur	9
4.4	Hringbraut / Njarðargata	10
4.5	Breiðholtsbraut / Stekkjabakki	12
4.6	Sæbraut / Skeiðarvogur	13
5	Alvarleikastuðull	14
6	Niðurstæða	16
7	Heimildir	17

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá. Verkefnið var unnið af Ragnari Þór Þrastarsyni hjá VSÓ Ráðgjöf.

1 Inngangur


Eftirfarandi skýrsla er afrakstur rannsóknar VSÓ Ráðgjafar sem nefnist XXX og var styrkt af rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Árið 2018 gerði VSÓ Ráðgjöf skýrsluna *Slys á gatnamótum. Samband slysatíðni, alvarleika slysa og umferðarhraða* sem einnig var styrkt af rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Þar var líkt og nafnið gefur til kynna skoðað hvaða áhrif umferðarhraði, hefur á bæði fjölda og alvarleika slysa á sex gatnamótum í Reykjavík.

Í þessu verkefni verður hluti verkefnis frá 2018 endurvakinn. Verður hér áætluð slysatíðni sömu sex gatnamóta, og slys undanfarinna 5 ára borin saman við þau úr fyrri rannsókn.

2 Aðferðafræði

Skoðuð verður slysatölfræði fyrir tímabilið 2018 – 2022 til að bera saman niðurstöður þessarar rannsóknar við fyrri rannsókn var fylgt aðferðafræðinni sem lýst er í rannsóknarverkefninu frá 2018, með þeim breytingum að farið var yfir slysatölfræði fyrir tímabilið 2018 – 2022, fyrir 6 gatnamót í plani á höfuðborgarsvæðinu, sem valin voru í fyrri rannsóknarverkefni VSÓ frá 2018, staðsetningar þeirra má sjá á mynd 2.1.

1. Gatnamótunum lýst út frá áætluðu umferðarmagni
 - a. Þó verður gerð sú breyting milli skýrslna að áætluð verður HVDU gatnamótanna út frá vísitölu umferðar á hbs. í stað mælinga (ÁDU) úr umferðarmælum lögreglunnar og Tass skynjurum Reykjavíkurborgar.
2. Áætluð meðalslysatíðni greind fyrir hver gatnamót yfir tímabilið 2018-2022.
3. Hlutfall slysa með meiðslum (lítil meiðsl, mikil meiðsl og dauðaslys) á móti öllum slysum reiknað fyrir hver gatnamót.
4. Borin saman slysafjöldi tímabilsins 2018-2022 við niðurstöður rannsóknarverkefnisins frá 2018.



Mynd 2.1 Yfirlit yfir valin gatnamót, (VSÓ Ráðgjöf, 2018)



3 Umferðarmagn á gatnamótum

Ekki eru til heilstæður gagnagrunnur fyrir umferðartölur (ÁDU) þar sem öll gatnamót eru innifalin, en í Samgöngulíkani Höfuðborgarsvæðisins (SLH – útgáfa 6.0) má finna gagnagrunn hversdagsumferðar (HVDU) sem kemst næst því og notast verður því við þau gögn. Samgöngulíkanið er fínstillt (e. calibrated) út frá teljaragögnum borgarinnar samkvæmt hönnuðum líkans (VSÓ Ráðgjöf, 2022).

Grunnár SLH líkansins er 2019 og inniheldur því ekki mat á umferð á árunum fyrir það. Til að meta þróun umferðar á árunum 2018 – 2022 voru talningar í þremur mælisniðum á höfuðborgarsvæðinu Vegagerðarinnar notað og umferð um gatnamótin sköluð upp/niður í samræmi við breytingu á meðalumferð um mælisniðin (Vegagerðin, 2023-a).

Tafla 3.1: Meðalumferð (ÁDU) í mælisniðum Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu

	2018	2019*	2020	2021	2022
Meðalumferð talninga í þremur mælisniðum	166.900	168.750	151.525	165.717	168.315
Aukning frá 2019	-1,10%	-	-10,21%	-1,8%	-0,26%
Aukning frá fyrra ári	-	1,11%	-10,21%	9,37%	1,57%
Heildaraukning á 5 árum	0,85%				

* Grunnár SLH líkansins.

Er því hægt að áætla hversdagsumferð um gatnamótin 6 fyrir þessi 5 ár, líkt og sjá má í töflu 3.2. Hér er HVDU fyrir árið 2019 fengin úr SLH, og umferð fyrir árin 2018, 2020, 2021, 2022 metin út frá hlutfallslegri aukningu umferðar líkt og sýnd er í töflu 3.1.

Tafla 3.2: Áætluð hversdagsumferð (HVDU) um gatnamótin


Gatnamót	Metin 2018	SLH 2019	Metin 2020	Metin 2021	Metin 2022	Metin meðal-umferð
Kringlumýrarbraut / Laugavegur	34.319	34.700	31.158	34.076	34.610	33.773
Kringlumýrarbraut / Miklabraut	81.496	82.400	73.989	80.919	82.187	80.198
Miklabraut / Grensásvegur	74.969	75.800	68.063	74.438	75.604	73.775
Hringbraut / Njarðargata	56.968	57.600	51.721	56.565	57.451	56.061
Breiðholtsbraut / Stekkjabakki	24.528	24.800	22.269	24.354	24.736	24.137
Sæbraut / Skeiðarvogur	39.951	40.394	36.271	39.668	40.290	39.315

Á mynd 3.1 má sjá vísitölu ársdagsumferðar (ÁDU) á höfuðborgarsvæðinu, frá henni er hægt að sjá að á átta ára tímabili, frá 2012-2019 (fram að Covid samkomutakmörkunum), að ÁDU á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist um tæplega 33%

$$\frac{V_{2019} - V_{2012}}{V_{2012}} = 32,82\%$$



Þá var meðalvísitala-ÁDU áráanna 2012 – 2017 rúmlega 121 stig, en meðalvísitala-ÁDU áráanna 2018 – 2022 var rúmlega 141. Hefur meðalvísitala-ÁDU hækkað um rúm 16,6% á milli tímabila (Vegagerðin, 2023-b).



Mynd 3.1 Vísitala ÁDU á höfuðborgarsvæðinu

4 Slysgreining

Slysatíðni er skilgreind sem fjöldi slysa á vegkafla á milljón ekna kílómetra á ári. Slysatíðni gatnamóta er fjöldi slysa á gatnamótunum á hver milljón ökutæki sem ekið er inn í gatnamótin. Eftirfarandi jafna sýnir hvernig slysatíðni er reiknuð út á gatnamótum (Mannvit, 2010):

$$\text{Slysatíðni} = (\text{Fjöldi slysa} \times 10^6) / (\text{HVDU} \times 365)$$

*Hér hefur árdagsumferð verið skipt út fyrir hversdagsumferð.


Notast var við myndir úr fyrra rannsóknarverkefni til að hægt væri að bera saman slysafjölda á sama svæði, milli ára.

4.1 Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Laugarvegjar/Suðurlandsbrautar

Meðalumferð sem fór um gatnamótin á tímabilinu var 33.773 HVDU, var fjöldi slysa á tímabilinu 91. Kort af gatnamótunum má sjá á myndum 4.1 og 4.2. Mynd 4.1 sýnir svæðið sem notað var 2018, ásamt slysum þess tímabils. Mynd 4.2 sýnir svæðið sem notað var fyrir þessa greiningu, ásamt þeim slysum sem skráð eru á því tímabili, greind eru slys innan merktu svæða.



Mynd 4.1 Svæði til greiningar 2018. Heildarfjöldi skráðra slysa á 6 árum er 95.




Mynd 4.2 Svæði til greiningar 2023. Heildarfjöldi skráðra slysa á 5 árum er 91.

Meðalfjöldi slysa á ári árin 2012 – 2017 og 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.1. Milli tímabíla hefur umferðarslysum fjölgað um 15% á gatnamótunum. Þá má sjá á myndum hér að ofan að þrátt fyrir slysum hafi fjölgað, hafi þau þjappað sig í meira mæli í hægribeygjufraðhjálhlaup, eða inn á gatnamótin sjálf, en eru í minna mæli á akbrautum.


Tafla 4.1 Heildar- og meðalfjöldi slysa á gatnamótum Kringlumýrarbrautar / Laugarvegur á hvoru tímabili

Ár	Fjöldi slysa	Meðalfjöldi slysa á ári
2012 - 2017	95	15,8
2018 - 2022	91	18,2
Meðalfjöldi slysa á ári - Aukning		15%

Þá má sjá á myndum 4.3 og 4.4 að alvarleiki slysa er að aukast en 6% fleiri slysa leiddu að sér áverka. Fjöldi alvarlegra slasaðra tvöfaldast og þeim sem fengu minniháttar meiðsl jókst um 5% á milli skoðunartímabíla.



Mynd 4.3 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2012 – 2017.



Mynd 4.4 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2018 – 2022.

Áætluð slysatíðni fyrir árin 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.2.

Tafla 4.2 - Slysatíðni áranna 2018 - 2022 við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Laugarvegjar/Suðurlandsbrautar m.v. áætlað HVDU	
Ár	Áætluð slysatíðni
2018	1,36
2019	1,66
2020	1,23
2021	1,37
2022	1,74
Meðaltal	1,48

4.2 Kringlumýrarbraut / Miklabraut

Meðalumferð sem fór um gatnamótin á tímabilinu var 80.198 HVDU en fjöldi slysa á tímabilinu 239. Kort af gatnamótunum má sjá á myndum hér að neðan. Mynd 4.5 sýnir svæðið sem notað var 2018, ásamt slysum þess tímabils. Mynd 4.6 sýnir svæðið sem notað var fyrir þessa greiningu, greind eru slys innan merka svæða.



Mynd 4.5 Svæði til greiningar 2018.




Mynd 4.6 Svæði til greiningar 2023.

Meðalfjöldi slysa á ári árin 2012 – 2017 og 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.3. Milli tímabíla hefur umferðarslysum fjölgað um 11% á gatnamótunum. Þá má sjá á myndum hér að ofan að flest slysin virðast gerast við stöðvunarlínur gatnamótanna, eða á framhjállaupum þeirra.


Tafla 4.3 Heildar- og meðalfjöldi slysa á gatnamótum Kringlumýrarbrautar / Miklubrautar á hvoru tímabili		
Ár	Fjöldi slysa	Meðalfjöldi slysa á ári
2012 - 2017	259	43,2
2018 - 2022	239	47,8
Meðalfjöldi slysa á ári - Aukning		11%



Þá má sjá á myndum 4.7 og 4.8 að alvarleiki slysa er að aukast en 2% fleiri slys leiddu að sér áverka, þó er alvarleiki slyssanna að minnka, en ekkert slys með alvarlegum meiðslum skeði á árunum 2018 – 2022 á gatnamótunum. Þó jókst hlutfall slysa með litlum meiðslum úr 8% í 10% á milli tímabilanna.



Mynd 4.7 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2012 – 2017.



Mynd 4.8 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2018 – 2022.

Slysatíðnin fyrir árin 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.4

Tafla 4.4 - Slysatíðni áranna 2018 - 2022 við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar m.v. áætlað HVDU	
Ár	Slysatíðni
2018	2,02
2019	1,56
2020	0,93
2021	1,73
2022	1,87
Meðaltal	1,63

4.3 Miklabraut / Grensásvegur

Meðalumferð sem fór um gatnamótin á tímabilinu var 73.775 HVDU, en fjöldi slysa á tímabilinu 233. Kort af gatnamótunum má sjá á myndum hér að neðan. Mynd 4.9 sýnir svæðið sem notað var 2018, ásamt slysum þess tímabils. Mynd 4.10 sýnir svæðið sem notað var fyrir þessa greiningu, greind eru slys innan merкта svæða.



Mynd 4.9 Svæði til greiningar 2018.




Mynd 4.10 Svæði til greiningar 2023.

Meðalfjöldi slysa á ári árin 2012 – 2017 og 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.5. Milli tímabíla hefur umferðarslysum fjölgað um 21% á gatnamótunum.


Tafla 4.5 Heildar- og meðalfjöldi slysa

Ár	Fjöldi slysa	Meðalfjöldi slysa á ári
2012 - 2017	231	38,5
2018 - 2022	233	46,6
Meðalfjöldi slysa á ári - Aukning		21%

Þá má sjá á myndum 4.7 og 4.8 að þrátt fyrir að slysum sé að fjölga á gatnamótunum þá er alvarleiki þeirra að minnka. Hlutfall alvarlegra slasaðra, stóð í stað, en þeim sem fengu minniháttar meiðslu fækkaði um 3%.



Mynd 4.11 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2012 – 2017.



Mynd 4.12 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2018 – 2022.

Slysatíðnin fyrir árin 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.6.

Tafla 4.6 - Slysatíðni árinna 2018 - 2022 við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegjar m.v. áætlað HVDU

Ár	Slysatíðni
2018	2,01
2019	1,41
2020	1,81
2021	1,95
2022	1,49
Meðaltal	1,73

4.4 Hringbraut / Njarðargata

Meðalumferð sem fór um gatnamótin á tímabilinu var 56.061 HVDU en fjöldi slysa á tímabilinu 137. Kort af gatnamótunum má sjá á myndum hér að neðan. Mynd 4.13 sýnir svæðið sem notað var 2018, ásamt slysum þess tímabils. Mynd 4.14 sýnir svæðið sem notað var fyrir þessa greiningu, greint eru slys innan merкта svæða.



Mynd 4.13 Svæði til greiningar 2018.




Mynd 4.14 Svæði til greiningar 2023.

Meðalfjöldi slysa á ári árin 2012 – 2017 og 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.7. Milli tímabila hefur umferðarslysum fjölgað um 17% á gatnamótunum.

Tafla 4.7 Heildar- og meðalfjöldi slysa

Ár	Fjöldi slysa	Meðalfjöldi slysa á ári
2012 - 2017	141	23,5
2018 - 2022	137	27,4
Meðalfjöldi slysa á ári - Aukning		17%

Þá má sjá á myndum 4.15 og 4.16 að aukning var í alvarlegum slysum á gatnamótunum, en eitt slys leiddi af sér alvarleg meiðsli. Að öðru leiti fækkaði hlutfalli slysa með meiðslum á tímabilinu.



Mynd 4.15 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2012 – 2017.

Mynd 4.16 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2018 – 2022.

Slysatíðnin fyrir árin 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.8.

Tafla 4.8 - Slysatíðni áranna 2018 - 2022 við gatnamót Hringbrautar og Njarðargötu, m.v. áætlað HVDU

Ár	Slysatíðni
2018	1,49
2019	1,52
2020	1,01
2021	1,60
2022	1,05
Meðaltal	1,34

4.5 Breiðholtsbraut / Stekkjabakki

Meðalumferð sem fór um gatnamótin á tímabilinu var 24.137 HVDU, en fjöldi slysa á tímabilinu 63. Kort af gatnamótunum má sjá á myndum hér að neðan. Mynd 4.17 sýnir svæðið sem notað var 2018, ásamt slysum þess tímabils. Mynd 4.18 sýnir svæðið sem notað var fyrir þessa greiningu, greint eru slys innan merкта svæða.



Mynd 4.17 Svæði til greiningar 2018.




Mynd 4.18 Svæði til greiningar 2023.


Meðalfjöldi slysa á ári árin 2012 – 2017 og 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.9. Milli tímabila hefur umferðarslysum fjölgað um 22% á gatnamótunum.

Tafla 4.9 Heildar- og meðalfjöldi slysa		
Ár	Fjöldi slysa	Meðalfjöldi slysa á ári
2012 - 2017	62	10,3
2018 - 2022	63	12,6
Meðalfjöldi slysa á ári - Aukning		22%

Þá má sjá á myndum 4.19 og 4.20 að þrátt fyrir að slysum sé að fjölga á gatnamótunum og hlutfall slysa án meiðsla að stækka umtalsvert, úr 89% í 95%. Þá er 2% slysa á gatnamótunum með meiðslum á síðara tímabilinu.



Mynd 4.19 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2012 – 2017. [Endurgerð mynd]



Mynd 4.20 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2018 – 2022.


Slysatíðnin fyrir árin 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.10.

Tafla 4.10 Slysatíðni árinna 2018 - 2022 við gatnamót Breiðholtsbrautar og Stekkjabakka / Skógarsels, m.v. áætlað HVDU


Ár	Slysatíðni
2018	2,01
2019	1,33
2020	0,86
2021	1,69
2022	1,22
Meðaltal	1,43

4.6 Sæbraut / Skeiðarvogur

Meðalumferð sem fór um gatnamótin á tímabilinu var 39.315 HVDU, en fjöldi slysa á tímabilinu 71. Kort af gatnamótunum má sjá á myndum hér að neðan. Mynd 4.21 sýnir svæðið sem notað var 2018, ásamt slysum þess tímabils. Mynd 4.22 sýnir svæðið sem notað var fyrir þessa greiningu, greint eru slys innan merкта svæða.



Mynd 4.21 Svæði til greiningar 2018.



Mynd 4.22 Svæði til greiningar 2023.


Meðalfjöldi slysa á ári árin 2012 – 2017 og 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.11. Milli tímabíla hefur umferðarslysum fjölgað um 29% á gatnamótunum.

Tafla 4.11 heildar- og meðalfjöldi slysa


Ár	Fjöldi slysa	Meðalfjöldi slysa á ári
2012 - 2017	66	11,0
2018 - 2022	71	14,2
Meðalfjöldi slysa á ári - Aukning		29%



Þá má sjá á myndum 4.23 og 4.24 að þrátt fyrir að slysum sé að fjölga á gatnamótunum og hlutfall slysa án meiðsla að stækka umtalsvert, úr 89% í 95%. Þá er 2% slysa á gatnamótunum með meiðslum á síðara tímabilinu, en ekkert á því fyrra.



Mynd 4.23 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2012 – 2017.



Mynd 4.24 Hlutfall slysa með og án meiðsla af heildarfjölda slysa árin 2018 – 2022.

Slysatíðnin fyrir árin 2018 – 2022 má sjá í töflu 4.12.

Tafla 4.12 - Slysatíðni árunna 2018 - 2022 við gatnamót Breiðholtsbrautar og Stekkjabakka / Skógarsels, m.v. áætlað HVDU

Ár	Slysatíðni
2018	0,82
2019	0,81
2020	1,06
2021	1,04
2022	1,22
Meðaltal	0,99

5 Alvarleikastuðull

Til að bera saman nánar gatnamótin sex, var alvarleikastuðull gatnamótanna reiknaður út, fyrir bæði tímabilin. Notast er við sömu formúlu sem áður hefur verið notuð, bæði af Verkís og VSÓ. Kosturinn við að nota sömu formúlu er að hægt er bera saman ólík gatnamót, og vinnu ólíkra aðila, svo lengi sem flokkun slysa er gerð með sama hætti.

Alvarleikastuðullinn er skilgreindur sem:

$$AS = \frac{130n_{bs} + 35n_{mm} + 5n_{lm} + n_{em}}{n_{bs} + n_{mm} + n_{lm} + n_{em}}$$

þar sem n_{bs} er fjöldi banaslysa, n_{mm} fjöldi slysa með miklum meiðslum, n_{lm} slys með litlum meiðslum og n_{em} slys með engum meiðslum á fólki (þ.e. eignatjón).

Stuðullinn hækkar með auknu hlutfalli alvarlegra slysa.


Í töflu 5.1 má sjá alvarleikastuðull gatnamótanna sex, fyrir tímabilin tvö.



Tafla 5.1: Alvarleikastuðull gatnamótanna

Gatnamót	2012 - 2017	2018 – 2022	Breyting
Kringlumýrarbraut / Laugavegur	1,69	2,27	34%
Kringlumýrarbraut / Miklabraut	1,42	1,40	-2%
Miklabraut / Grensásvegur	1,62	1,50	-8%
Hringbraut / Njarðargata	1,26	1,39	11%
Breiðholtsbraut / Stekkjabakki	1,26	1,67	32%
Sæbraut / Skeiðarvogur	1,82	2,83	56%
Vegið meðaltal	1,50	1,66	11%

Á mynd 5.1 má sjá breytingar á fjölda slysa og alvarleikastuðuls gatnamótanna sex milli tímabilanna tveggja, reiknað fyrir hvert ár.



Mynd 5.1 Breytingar á alvarleikastuðli og fjölda slysa milli tímabilanna tveggja.



6 Niðurstaða

Borið var saman slysaskráningar árunna 2018 – 2022 og 2012 – 2017, fyrir gatnamótin sex á höfuðborgarsvæðinu. Skoðuð var einnig umferð um gatnamótin til að áætla slysatíðni gatnamótanna, en umferðin var áætluð út frá Samgöngulíkani Höfuðborgarsvæðisins (SLH) þar sem grunnárið 2019 var fínstíllt út frá umferðartalningum. Til að meta umferð annara ára var umferð um hver gatnamót sköluð í samræmi við breytingar á vísitölu umferðar fyrir höfuðborgarsvæðið.

Á fyrra tímabilinu, 2012 – 2018, var meðal-umferðarvísitala um 16,6% lægri en á því síðara. Samhliða aukningu umferðar fjölgaði umferðarslysum á öllum gatnamótunum. Minnsta aukning umferðarslysa varð á gatnamótum Kringlumýrarbrautar / Miklubrautar, en þar jókst meðalslysafjöldi um 11% . Mesta aukningin umferðarslysa varð á gatnamótum Sæbrautar / Skeiðarvogs, þar jókst meðalslysafjöldi um 29% milli tímabilanna tveggja. Meðalaukning umferðarslysa á gatnamótunum sex var 15%.

Samhliða því að minnsta aukning slysa varð á gatnamótum Kringlumýrarbrautar / Miklubrautar, þá lækkaði alvarleikastuðull gatnamótanna um 2%. Alvarleikastuðull tveggja gatnamóta lækkaði milli tímabilanna tveggja, þ.e. Kringlumýrarbraut / Miklubraut og Miklabraut / Grensásvegur, sem lækkaði um 8%. Mesta aukning alvarleikastuðuls var á gatnamótum Sæbrautar / Skeiðarvogs, þar jókst alvarleikastuðullinn um 56%. Vegin meðalaukning alvarleikastuðuls á gatnamótunum sex var 11%.

Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar árið 2023 á gatnamótunum Sæbrautar / Skeiðavogs og áhugavert verður að sjá hvernig þær breytingar hafa áhrif á slysafjölda og alvarleikastuðul gatnamótanna. Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gatnamótum Sæbrautar / Skeiðarvogs (Vegagerðin, 2023-c):

- Ein vinstribeygjuakrein verður af Kleppsmýrarvegi, við Sæbraut, í stað tveggja
- Miðeyjur á Sæbraut voru lagfærðar
- Gönguleið sunnan Kleppsmýrarvegur var breikkuð
- Gangbrautir eru nú á öllum framhjáhlupum með hraðalækkandi aðgerðum
- Götulýsing er bætt



7

Heimildir

- Vegagerðin. (2023-a). *Summa meðalumferðar á dag í þremur mælisniðum á höfuðborgarsvæðinu*. Sótt 03.. 01. 2024 frá Vegagerðin.is:
[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/hb_2023/\\$file/Hb_%C3%A1_net%C3%B0_2023.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/hb_2023/$file/Hb_%C3%A1_net%C3%B0_2023.pdf)
- Vegagerðin. (06. 12 2023-b). *Líka met í umferð á höfuðborgarsvæðinu*. Sótt frá Vegagerðin.is: <https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/lika-met-i-umferdinni-a-hofudborgarsvaedinu>
- Vegagerðin. (2. 2 2023-c). *Vegagerðin.is*. Sótt frá Umferðaröryggi bætt við gatnamót Sæbrautar og Kleppsmýrarveggar: <https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/umferdaroryggi-baett-vid-gatnamot-saebrautar-og-kleppsmyrarveggar>
- VSÓ Ráðgjöf. (2018). *Slys á gatnamótum. Samband slysatiðni alvarleika slysa og umferðarhraða*. Reykjavík: Vegagerðin. Sótt frá [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/slys_gatnamot_tidni_alvarleiki_umferdarhradi/\\$file/Slys%20%C3%A1%20gatnam%C3%B3tum.%20Samband%20slysat%C3%AD%C3%B0ni%20alvarleika%20slysa%20og%20umfer%C3%B0arhra%C3%B0a.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/slys_gatnamot_tidni_alvarleiki_umferdarhradi/$file/Slys%20%C3%A1%20gatnam%C3%B3tum.%20Samband%20slysat%C3%AD%C3%B0ni%20alvarleika%20slysa%20og%20umfer%C3%B0arhra%C3%B0a.pdf)
- VSÓ Ráðgjöf. (2022). *VINSTRI BEYGJUR - SLYSAGREINING*. Vegagerðin. Sótt frá <https://www.vso.is/wp-content/uploads/2022/09/VSO-Rannsokn-VinstriBeygjur.pdf>